

Fundargerð stjórnarfundar 18. nóv. 2010

Staður: Laugateigur 16, Reykjavík
Tími: 18.nóv. 2010, kl. 21 – 22.30
Viðstaddir:
Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)
Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)
Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)
Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)
Fulltrúi Króks: Hannes Siggason (HS)

Forföll boðuðu:
Fulltrúi Keldudals: Guðrún S Ólafsdóttir (GSÓ)

Fulltrúi Gilbrautar - Sveinn Baldursson (SB) mætti ekki og boðaði ekki forföll.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar (Umsj. SG)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. GSÓ)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 5) Önnur mál (Allir)

1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar

HS afhenti SG fundargerðarbók félagsins sem SB hafði skilað til formanns. Jafnframt afhenti HS ritara fundargerðir stjórnarfundar starfsárið 2009 – 2010 en þær hafði fyrrverandi ritari ekki límt inn í fundargerðarbókina. SG mun gera það. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

HS hafði farið yfir hvort fundargerðir stjórnarfundar síðasta starfsár væru sýnilegar á heimasíðu félagsins og svo reyndist vera. Þó vantar fundargerð aðalfundar á heimasíðuna en fundurinn var haldinn 26.04.2010. ERS mun athuga málið.

2) Fjárhagsstaða félagsins

Eyðublað vegna prókúruhafaskipta var undirritað af stjórnarmeðlimum sem voru á fundinum. GSÓ mun sækja eyðublaðið til HS og afhenda viðskiptabanka félagsins. Fjárhagsstaða ekki rædd vegna fjarveru gjaldkera.

3) Fréttir af stjórnarstörfum SR

HE upplýsti að enginn stj.fundur hafi verið haldinn hjá SR í okt. Næsti stj.fundur SR hefur verið boðaður 26.11.2010.

4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011

Farið var yfir skjalið "Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 2, dags. 21.10.2010"

Verkefni nr. 1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR:

1.1 Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands:

Bréf til SR er í vinnslu

1.2 Varanlegar stofnbrautir á austursvæði:

Er í farvegi hjá SR Óvitað er með tímasetningar framkvæmda.

1.3 Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði:

Sjá 1.2

1.4 Nýir leigusamningar við SR:

Hér er átt við leigusamninga milli SR og landnema. Tillaga stjórnar FLÁF hefur verið til skoðunar hjá stjórn SR síðan vorið 2009. Ekkert hefur frést af því máli.

1.5 Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða:

Þetta verkefni fellur inn í verkefni nr. 1.2 og 1.3.

1.6 Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða:

Þessu máli er ekki lokið en fellur í skuggann af málum nr. 1.2. og 1.3. og því sett í bið í ótiltekinn tíma.

1.7 Varanlegar fjárheldar girðingar umhverfis Fellsmörkina:

Þessu máli er ekki lokið en fellur í skuggann af málum nr. 1.2. og 1.3. og því sett í bið í ótiltekinn tíma.

Verkefni nr. 2 Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR:

2.1 Rafmagn á Fellsmörk – Athugun á kostnaði og möguleikum:

EKKI RÆTT VEGNA FJARVERU GSÓ.

Verkefni nr. 3 Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk:

3.1 Undirbúningur fyrir sumarið 2011:

HS mun sækja um plöntur vorið 2011 í samráði við stjórn FLÁF.

Verkefni nr. 4 Fræðslumál félagsmanna:

4.1 Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur:

Fræðslufundur hefur verið boðaður 25. nóv. 2010. Til umfjöllunar verður Landgræðsluverkefni Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði. Fyrirlesari verður Herdís Friðriksdóttir skógræðingur. Fræðslufundurinn verður í samkomusal Framsóknarfélags Kópavogs, Digranesvegi 12.

Verkefni nr. 5 Upplýsingar til félagsmanna:

5.1. Heimasíðan:

EKKI RÆTT SÉRSTAKLEGA.

Verkefni nr. 6 Stefnumótun

6.1 Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk:

Ekki rætt vegna fjarveru GSÓ.

5) Önnur mál

Engin.

Fundi slitið um kl. 22.30.

Fundargerðina ritaði Sigurlaug Guðmundsdóttir

Dreifing:

- Stjórn félagsins
- Heimasíða félagsins

Fylgiskjöl fundargerðar:

- Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 2 – 21.10.2010

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir:

Verkefnalisti - Áherslumál stjórnar 2010-2011

Nr.	Verkefni	Meðlimir í stjórn 2010 - 2011						Aths.	
		Sigurlaug Guðmundsdóttir	Sveinn Baldursson	Valdimar Reynisson	Hjalti Elíasson	Guðrún S. Ólafsdóttir	Einar Ragnar Sigurðsson		Hannes Siggason
1.	Hagsmunamál landnema gagnvart SR								
1.1	Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands				X	X		X	HS í forsvari fyrir þetta mál
1.2	Varanlegar stofnbrautir á austursvæði				X	X	X	X	HE í forsvari fyrir þetta mál
1.3	Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði	X	X	X	X			X	VR í forsvari fyrir þetta mál
1.4	Nýjir leigusamningar við SR				X	X		X	HE í forsvari fyrir þetta mál
1.5	Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla - Viðhald varnargarða				X				HE í forsvari fyrir þetta mál
1.6	Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema - Viðhald vegslóða				X				HE í forsvari fyrir þetta mál
1.7	Varanlegar fjárheldar girðingar umhverfis Fellsmörkina				X				HE í forsvari fyrir þetta mál
2.	Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR								
2.1	Rafmagn á Fellsmörk-Athugun á kostnaði og möguleikum					X			GSÓ í forsvari fyrir þetta mál
3	Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk								
3.1	Undirbúningur fyrir sumarið 2011				X			X	HS í forsvari fyrir þetta mál
4	Fræðslumál félagsmanna								
4.1	Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur	X	X						SG í forsvari fyrir þetta mál. Haldinn í nív. ár hvert
5	Upplýsingar til félagsmanna								
5.1	Heimasíðan						X		ERS í forsvari fyrir þetta mál
6	Stefnumótun								

6.1	Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk	x	x	x	x	x	x	x	GSO í forsvári fyrir þetta mal. Hefst í jan. 2011
-----	-----------------------------------------	---	---	---	---	---	---	---	---------------------------------------------------

